



Golfklúbbur Hveragerðis

Skýrsla stjórnar 2025

Vignir Demusson
Þórhallur Einisson
Sveinn Ingvason
Erlingur Arthursson
Ólafur Dór Steindórsson
Anna Pála Víglundsdóttir
Ólafur Ragnarsson

Skýrsla stjórnar GHG 2025

Fundarstjóri, góðir fundargestir – félagar í Golfklúbbsi Hveragerðis.

Ég mun nú fara yfir skýrslu stjórnar og starfsemi Golfklúbbs Hveragerðis á nýliðnu rekstrarári klúbbsins sem hófst í byrjun nóvember 2024 og lauk nú í lok október 2025.

Skipan stjórnar og fundir

Á síðasta aðalfundi var kosið um 3 stjórnarmenn til 2ja ára og fengu Erlingur Arthúrssón, Ólafur Dór Steindórsson og Þórhallur Einisson einróma kosningu, en Ólafur Ragnarsson, Sveinn Ingvasón og Anna Pála Víglundsdóttir voru á seinna stjórnarári sínu.

Formaður er að ljúka fyrra stjórnarári sínu eftir endurkosningu á síðasta fundi en ég hef ákveðið að stíga til hliðar og segja þetta gott.

Ennfremur var kosið um 3 varamenn til eins árs og voru Arnar Geir Helgason, Hjörtur Björgvin Árnason og Gunnar Árnason kjörnir varamenn í stjórn.

Þá var og kosið um 2 skoðunarmenn og einn til vara, og voru Gísli Páll Pálsson og Sigurður Egilsson kjörnir skoðunarmenn og Eyvindur Bjarnason til vara.

Á fyrstu fundum sínum skiptu stjórnarmenn með sér verkum og deildu með sér formennsku í nefndum eins og lög klúbbsins gera ráð fyrir.

Eftirtaldir skipuðu því stjórnina:

- Vignir Demusson, formaður
- Þórhallur Einisson, varaformaður og formaður húsnefndar
- Sveinn Ingvasón, gjaldkeri
- Ólafur Dór Steindórsson meðstjórnandi og formaður vallarnefndar
- Erlingur Arthúrssón meðstjórnandi og formaður mótanefndar
- Anna Pála Víglundsdóttir meðstjórnandi, ritari og formaður kvennanefndar
- Ólafur Ragnarsson, meðstjórnandi, formaður forgjafar- og laganefndar, afreksnefndar
- Arnar Geir Helgason, varamaður
- Hjörtur Björgvin Árnason, varamaður
- Gunnar Árnason, varamaður

Framkvæmdastjórn skipuðu sem áður formaður, varaformaður og gjaldkeri auk þess sem rekstrarstjóri sat fundi framkvæmdastjórnar.

Fundir í stjórn og framkvæmdastjórn voru með hefðbundnum hætti en lagt var upp með að stjórn fundaði 2. þriðjudag í hverjum mánuði og oftast ef þörf væri. Framkvæmdastjórn fundaði eftir þörfum en miðað var við að hún hittist að lágmarki einu sinni í mánuði.

Rekstur og starfsfólk

Sumarið 2025 einkenndist af skin og skúrum og mikilli umferð á völinn. Mikil aukning er á öllum vígstöðvum í rekstri, fjölgun leikinna hringja og aukningu í fjölda félagsmanna sem er það mesta sem hefur verið hjá okkur í GHG frá upphafi. Við höldum úti Hamborgarabúllu innanfélagsmótaröðinni og

voru opnu mótin okkar vel sótt. Klúbbfélagar á síðasta rekstrarári voru 281 þar af 29 klúbbfélagar sem eru 18 ára og yngri, en með aukaaðildarfélögum þá erum við samtals 528.

Á árinu voru spilaðir 25.000 golfhringir og er það 5.000 hringja aukning frá síðasta rekstrarári. Til upplýsingar má nefna að við opnuðum völlinn inn á sumarflatir þann 1. maí.

Við vorum með samstarfssamninga við GR, GKG, GM, GO, NK og GK sem veitir félagsmönnum þessara klúbba afsláttarkjör á flatargjöldum á Gufudalsvelli á virkum dögum og hafa þessir samningar komið vel út.

Við erum með samstarfssamning við Borgarstarfsmenn (GBS) og við Landsvirkjun (STALA) og hafa þeir samningar komið vel út.

Eins og undanfarin ár þá sinntu vallarstarfsmenn GHG umhirðu á íþróttavöllum Hveragerðisbæjar og gildir sá samningur út þetta rekstrarár.

Störf vegna reksturs golfskála voru eins og áður unnin af launuðu starfsfólki og svo voru sjálfboðaliðar sem gripu inn í, þegar á vantaði í skálann. Viljum við þakka Rakel, Guðlaugu og Svenna sérstaklega fyrir þeirra aðkomu þegar á vantaði.

Starfi rekstrarstjóra gegndi sem fyrr Einar Lyng Hjaltason PGA golfkennari en með honum í skála störfuðu Líney Lára Kristinsdóttir, Rebekka Einarsdóttir og Laufey Gunnarsdóttir. Þau héldu þessu öllu gangandi með dugnaði og krafti og þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra störf.

Garðar Guðmundsson er vallarstjóri Gufudalsvallar og með honum störfuðu við völlinn Hermann Hoffritz og Allan Hólm. Við þökkum vallarstarfsmönnum fyrir þeirra framlag og vinnu á síðasta rekstrarári en þeir stóðu sig mjög vel í sumar við umhirðu golfvallarins. Þess má geta að við fengum sérstakt hrós frá LEK fyrir völlinn aftur í ár.

Í ársreikningi fyrir árið 2025 kemur fram að tekjur golfklúbbsins voru 81,4 millj. króna og rekstrargjöld voru 66,5 millj. króna og rekstrarhagnaður því rúmlega 15 millj. króna.

Eignfærðar framkvæmdir vegna fjárfestinga í vélum og tækjum, endurbætur á fasteignum námu 31 milljónum króna, en gerð verður nánari grein fyrir rekstri og fjárhagsstöðu klúbbsins þegar gjaldkeri fer yfir ársreikning hér á eftir.

Skýrslur nefnda:

Vallarnefnd

Vallarnefnd skipuðu á árinu, Óli Dór Steindórsson formaður, Bjartmar Halldórsson og vallarstjóri GHG Garðar Guðmundsson.

Vorið kom hratt og óvænt og var golfveðrið komið löngu áður en völlurinn var í raun tilbúinn að opna. En völlurinn opnaði samt sem áður nokkuð snemma. Nokkuð var um vetrarskaða á flötum, þá sérstaklega 4 flöt, þar sem grastegundir sem eru veikari fyrir vetrinum gáfust upp og var þetta algengt ástand á völlum í kring. Völlurinn var þó kominn í gott ástand áður en langt um leið og eiga Garðar og félagar hrós skilið fyrir störf sín í sumar.

Helstu framkvæmdir

Framkvæmdir sumarsins snerust aðallega að stækkun fremri teigar á 2. braut sem og á 8. braut. Frágangur í kringum þær framkvæmdir, þ.e.a.s. tyrfing, á svæðunum í kring drógst á langinn sökum anna starfsmanna en yfirborð teigana var tyrft af félagsmönnum á vinnudeginum.

Ný heitavatnslögn var lögð upp að skála og var gengið frá helstu sárum þar á vinnudeginum. Lögnin liggur í gegnum þúttflötina okkar og orsakar það að þúttflötin hefur minnkað og augljóst að það þarf að huga að öðrum lausnum þar, þá bæði með tilliti til þess að flötin hefur minnkað og er staðsetning hennar ekki ákjósanleg varðandi hættu frá 9undu braut.

Áætlað var að hefja framkvæmdir við nýjar tilfæringar við 5. braut en óvissa á skipulagi og erfiðleikar við að fá svör frá bæjaryfirvöldum urðu þess valdandi að ekki var hægt að hefja þær aðgerðir.

Vélakostur

Helstu breytingar á vélakosti klúbbsins í sumar voru þær að vélin sem við höfum notað í “verticut” eða lóðskurð, sem sker lóðrétt niður í svörðinn til að losa við lífræn efni og dautt gras úr grassverðinum, gaf upp öndina og var fjárfest í nýjum slíkum keflum á nýju grínvélna.

Í vetur var einnig fjárfest í yfirsáningarvél af gerðinni Redexim Speedseed, sem eru orðin löngu þörf kaup og þurfum við ekki að stóla okkur á verktaka í yfirsáningar. Vélin var notuð eins og kostur var á í sumar, en yfirsáð var í allar flatir vallarins og teiga.

Í vor var fjárfest í sjálfvirku vökvunarkerfi af gerðinni Hunter, ákveðið var að kaupa heilt kerfi í allar flatir vallarins sökum þess hversu hagstætt verð við fengum í kerfið á þeim tíma. Það verður farið í að setja kerfið niður með vorinu og verður byrjað á því að koma vökvun í þær flatir sem liggja næst dæluinni sem verða 4. flöt og 7. flöt og mun kerfið stækka hægt og rólega út frá þeim svæðum.

Á haustmánuðum var ákveðið að fjárfesta í nýrri mini-gröfu en sú gamla var orðinn úr sér gengin og endurnýjun orðin tímabær, von er á henni á næstunni og mun hún nýtast vel í framkvæmdirnar í kringum vökvunarkerfið og aðrar framkvæmdir á vellinum.

Helstu fjárfestingar sem við stefnum að á næsta ári tengjast því að auka slátturóbota-flota klúbbsins og að koma framkvæmdum á vökvunarkerfinu af stað eins fljótt og hægt er.

Hugleiðingar formanns vallarnefndar

Ljóst er að fjárfestingar okkar í ár voru talsverðar, þá í vélakosti aðallega. Þetta er þáttur í því að reyna gera klúbbinn eins “sjálfbjarga” og hægt er, þ.e. að við þurfum ekki að stóla okkur á utanaðkomandi aðila í helstu viðhaldsaðgerðir á vellinum eins og yfirsáningar, götun, söndun og fleira. Fjárfestingar síðustu ára hafa skilað sér þar að nú er vélakosturinn okkar í þessar helstu aðgerðir er til fyrirmyndar.

Næsta vandamál okkar í vélakostinum er aldur þeirra. Brautarvélin og röffvélin eru farnar að láta á sér sjá og við teljum að það sé klúbbinum hagstæðast að fara huga að frekari fjárfestingum í svokölluðum slátturóbotum. Við myndum byrja á því í að koma róbota-slætti á öll svæðin næst skálanum, þá 1, 2, 9 og jafnvel 3 braut og erum við að skoða lausnir á þessum málum núna.

Margir kostir fylgja því að koma upp sjálfvirkum slætti. Það sem hefur fyrst og fremst áhrif á gæði grassvörðar er tíðni sláttar, og með sjálfvirkum slætti er tíðnin hærri auk þess sem gæði sláttarins aukast. Annar kostur er einnig að þá geta starfsmenn fært athygli sína að öðrum málum sem hafa kannski ekki fengið eins mikla athygli síðustu ár, t.d glompur, stígar og frágangur við framkvæmdir. Svo er viðhalds- og rekstrarkostnaður þeirra talsvert lægri en hefðbundnar ásetuvélar.

Samspil allra þessa fjárfestinga er lokamarkmiðið, með vökvunarkerfinu getum við tryggt jafnt leikyfirborð á flötum vallarins, næringarupptaka flatanna yrði skilvirkari, fræin sem við sáum með yfirsáningarvélinni fá rakan sem þau þurfa til að spíra og grassvörðurinn mun styrkjast ár frá ári og gæði vallarins aukast ef haldið er rétt á spilunum.

f.h vallarnefndar

Ólafur Dór Steindórsson.

Húsnefnd

Formaður húsnefndar er Þórhallur Einisson. Húsnefnd skipuðu auk formanns þeir Sveinn Ingvason og Einar Lyng Hjaltason

Helsta verkefni starfsársins voru viðamiklar endurbætur á golfskálanum sjálfum, eldhúsi, sal og salernum. Auk þess var lokið við hitakerfisbreytingar í vélaskemmu og golbílageymslu og salernin við golfhermi kláruð.

Lengi hafa verið uppi vangaveltur um lagfæringar á félagslegu aðstöðunni, það er sem snýr að golfskálanum sjálfum. Í fjárhagsáætlun síðasta árs var gert ráð fyrir fjármagni til þeirra framkvæmda og hafist handa strax í ársbyrjun við þær.

Helst til að telja er að eldhúshlutinn var tekin alveg í gegn, innréttingar fjarlægðar, vatnslagnir endurnýjaðar, sett upp ný og nútímalegri innrétting og öll stóru eldhústækin endurnýjuð.

Salurinn var klæddur innan og málaður, ofnalagnir og ofnar endurnýjaðir og sett upp innrétting sem tengist starfsemi í sal skálans. Einnig voru settar nýjar hurðar fyrir á salernum auk margra annarra smærri þátta, t.d. við raflagnir.

Má segja að þessar framkvæmdir hafi tekist afar vel og viðbrögð við þeim almennt mjög góð.

Þá er afar mikilvægt að lokið var við salernin við golfherminn sem var alveg nauðsynlegt til að fullnægja kröfum til að reka herminn sómasamlega. Er sú framkvæmd einnig vel heppnuð og öll aðstaða þar hin besta.

Mótanefnd

Mótanefnd

Mótanefnd skipuðu Erlingur Arthúrssen, Arnar Geir Helgason, og Einar Lyng.

Þriðjudagsmótaröð Hamborgarabúllan

Þátttaka í þriðjudagsmótaröðinni (Hamborgarabúllan) var mjög góð núna í sumar. Stig á stígalistanum fengu 39 karlar og 13 konur sem er smá aukning frá fyrra ári.

10 efstu á stígalista karla urðu:

Staða leikmanns á stigalista

Sía: Leikmenn ásamt úrslitum							
St.	Fornafn	Eftirnafn	FGJ.	Land	Golfklúbbur	Vi...	Úrslit
1	Björn Ásgeir	Björgvinsson	32.1	Ísland	Golfklúbb...	11	350.67
2	Magnús Sigurður	Jónasson	17.3	Ísland	Golfklúbb...	11	290.50
3	Sigurður	Egilsson	23.9	Ísland	Golfklúbb...	13	269.67
4	Erlingur	Arthursson	7.1	Ísland	Golfklúbb...	10	269.00
5	Kristján Már	Sæþórsson	34.9	Ísland	Golfklúbb...	11	266.50
6	Steindór	Gestsson	22.7	Ísland	Golfklúbb...	8	231.25
7	Auðunn	Sigurðsson	17.1	Ísland	Golfklúbb...	13	203.75
8	Guðmundur Krist...	Erlingsson	19.4	Ísland	Golfklúbb...	11	191.50
9	Sigurður	Þráinsson	23.5	Ísland	Golfklúbb...	9	185.35
10	Sæmundur Kristi...	Sigurðsson	19.1	Ísland	Golfklúbb...	10	181.50

Stigalisti kvenna:

Staða leikmanns á stigalista

Sía: Leikmenn ásamt úrslitum							
St.	Fornafn	Eftirnafn	FGJ.	Land	Golfklúbbur	Vi...	Úrslit
1	Hrund	Guðmundsdóttir	26.5	Ísland	Golfklúbb...	5	267.50
2	Ásta Björg	Ásgeirsdóttir	26.0	Ísland	Golfklúbb...	3	140.00
3	Elaine	McCrorie	31.1	Ísland	Golfklúbb...	3	105.00
4	Ingibjörg Mjöll	Pétursdóttir	21.8	Ísland	Golfklúbb...	3	91.00
5	Hulda Bergrós	Stefánsdóttir	42.6	Ísland	Golfklúbb...	2	74.00
6	Jóhanna Hrund	Hreinsdóttir	44.4	Ísland	Golfklúbb...	2	70.00
7	Jóna Sigríður	Ólafsdóttir	24.8	Ísland	Golfklúbb...	2	56.00
8	Harpa Rós	Björgvinsdóttir	16.9	Ísland	Golfklúbb...	1	32.50
9	Inga Dóra	Konráðsdóttir	24.3	Ísland	Golfklúbb...	1	27.00

Opin mót voru fjögur, Cutter&Buck Kvennamót, Opna Heilsumótið og Opna Kjörismótið, þátttaka var ágæt í Cutter&Buck eða 66 keppendur, Heilsumótinu eða 80 keppendur og mjög góð í Kjörismótinu sem var fullt eða 104 keppendur. Opna TA-Sport var nýtt mót hjá okkur og þurftum við að fresta því tvisvar vegna veðurs og á endanum héldum við það 7.september þar sem 39 keppendur mættu.



Meistaramótið fór fram 5. til 8 júlí 2025 og voru keppendur 48 í 11 flokkum.

Klúbbmeistari karla er Fannar Ingi Steingrímsson.

Klúbbmeistari kvenna er Harpa Rós Björgvinsdóttir.

Klúbbmeistari karla 50 ára, enginn skráður

Klúbbmeistari kvenna 70 ára og eldri er Unnur Halldórsdóttir.

Klúbbmeistari karla 70 ára og eldri er Magnús Sigurður Jónasson.





Heildarfjöldi þátttakenda í öllum mótum í sumar var 1031 kylfingur sem fjölgun um 38 frá fyrra ári

Tölfræði Gufudalsvallar í mótum 2025:

miðvikudagur, 1. janúar 2025 – miðvikudagur, 31. desember 2025
Gufudalsvöllur

TÖLFRÆÐI HOLU

Hola	Par	Egi.	Meðaltal	Erfiðleik astuðull	Flokkun	HIO	Alba deluxe	Alhætro ss	Örn	Fugl	Par	Skolli	Tvöfald ur skolli	Annað
1	4	9	5,78	144	1	0	0	0	0	11	119	210	130	188
2	5	1	7,05	141	3	0	0	0	1	5	68	171	179	227
3	4	7	5,20	130	16	0	0	0	1	21	182	245	120	95
4	4	15	5,50	137	9	0	0	0	0	16	152	198	152	139
5	4	3	5,75	144	2	0	0	0	0	12	103	206	164	172
6	4	11	5,45	136	11	0	0	0	0	13	151	237	121	134
7	3	17	4,15	138	7	0	0	0	0	6	136	347	134	45
8	5	5	6,93	139	5	0	0	0	2	20	91	160	147	221
9	3	13	4,14	138	8	0	0	0	0	10	165	284	138	60
10	4	10	5,37	134	13	0	0	0	0	10	63	94	58	44
11	5	2	6,86	137	10	0	0	0	0	3	31	84	72	79
12	4	8	4,94	123	18	0	0	0	0	10	97	96	43	23
13	4	16	5,25	131	15	0	0	0	0	8	70	100	51	40
14	4	4	5,57	139	6	0	0	0	0	4	45	91	81	48
15	4	12	5,19	130	17	0	0	0	1	10	80	86	51	41
16	3	18	4,06	135	12	0	0	0	0	3	63	145	45	13
17	5	6	6,60	132	14	0	0	0	1	11	63	68	57	68
18	3	14	4,22	141	4	0	0	0	0	4	68	108	56	31

Keppnissveitir GHG í karlaflokki, karlaflokki 50 ára og eldri og kvennasveit 50 ára og eldri tóku þátt í Íslandsmóti Golfklúbba síðastliðið sumar.

Karlasveitin keppti í 3. deild sem fram fór á Sauðarkrók og enduðu karlarnir í 3. sæti.

Karlasveitin 50+ keppti í 3. deild karla sem fór fram á Selfossi og enduðu í 5. sæti.

Kvinnasveit 50+ keppti 2. deild sem fór fram í Keflavík og enduðu í 8. Sæti



Mynd frá 2024, vantar Halldór Ólafsson sem var með okkur 2025.



GHG tók að sér að halda LEK mót Golfklúbba 2. Deild.

Sveit GHG keppti þar og endaði í 2. Sæti



Skýrsla kvennanefndar sumarið 2024

Kvennanefnd skipuðu:

Anna Pála Víglundsdóttir formaður

Kolbrún Bjarnadóttir

Jóna Birna Jónsdóttir

Nína Margrét Pálmadóttir

Þuríður Gísladóttir

Brynja Hrafnkelsdóttir



Kvennastarfið hófst eins og áður á kvennakvöldi/vorfagnaði þann 28. Maí og var það haldið í golfskálanum.

Mjög góð mæting og mikil ánægja var með þessa kvöld, þar sem starf sumarsins var kynnt og félagskonur fengu kynningar og ýmsan fróðleik, m.a. frá Osteostrong.

Við byrjuðum svo með mánudagsgolfið 12. maí og spiluðum flesta mánudaga með allskonar leikfyrirkomulagi og í alls konar veðri og var mæting yfirleitt nokkuð góð.

Til stóð að heimsækja konurnar í Golfklúbbi Mosfellsbæjar í byrjun júní, en vegna veðurs þurfti að aflýsa þeirri heimsókn en vonandi verður gerð tilraun aftur á næsta sumri.

Við höldum opið 9 holu kvennamót laugardaginn 21. júní í samstarfi við Cutter & Buck. Mjög góð mæting var, en 66 konur kepptu á mótinu í góðu veðri allt þar til á síðustu holunum.

Við fengum Setbergskonur í heimsókn 18. ágúst og eins og alltaf var mjög vel mætt úr Hafnarfirðinum. Skemmtileg mót eins og alltaf og er stefnt á að heimsækja þær næsta sumar.

Konurnar enduðu síðan sumarið að skemmtilegu móti 1. september hér á vellinum og var farið út að borða á Frost og Funa á eftir.

Að lokum var haldið Ljósaboltagolf þann 3. október sem var líka vel heppnað að vanda og veður með eindæmum gott. Metþátttaka var í ár, 38 tóku þátt og skemmtu sér vel.

Við í kvennanefnd þökkum öllum konum í Golfklúbbi Hveragerðis fyrir skemmtilegt sumar og nefndarkonum og öðrum fyrir afar óeigingjarnt starf í þágu okkar.

Anna Pála, Kolbrún og Þuríður hættu í nefndinni núna í haust. Og við keflinu taka eflaust öflugar konur.

Anna Pála Víglundsdóttir, formaður



Barna- og unglinganefnd

Allar æfingar hjá okkar unglingum hafa ekkert stoppað þetta árið. Við hefjum svo æfingar fyrir þá sem yngri eru strax í janúar. Mæting á æfingar á vegum klúbbsins var góð á þessu rekstrarári.

Markmiðin voru sett hátt og við ætluðum með sveit í Íslandsmót golfklúbba drengir 16 ára og yngri sem haldið var á Hellu.

Stóðu okkar drengir sig mjög vel og þeir Sigurður Grétar Gunnarsson, Theodór Ólafsson, Auðunn Ingi Hafsteinsson og Árni Geir Ármannsson léku fyrir sveit GHG. Okkar menn voru þeir þrúðustu á svæðinu eins og áður og GHG til mikils sóma.

Sumarnámskeiðin voru haldin eins og undanfarin ár og var Arnar Geir Einari til aðstoðar ásamt unglingum sem æfa hjá klúbbum í samstarfi við Hveragerðisbæ. Vegna veðurs var bara haldið eitt námskeið og var mjög góð mæting á það. Stóðu unglingarnir sig með stakri þrýði einnig og unnu þau létt störf á vellinum að námskeiði loknu.

Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi á næsta ári og munu þá einnig ungmenni sem hjá okkur æfa aðstoða okkur við sumarnámskeið og vinna létt störf á vellinum. Vetraræfingar eru þegar hafnar hjá GHG fyrir unglinga og börnin byrja strax í janúar.



Skýrsla 65+ kylfinga hjá GHG fyrir árið 2025

Félagar 65+ í GHG hittust á miðvikudögum kl. 10:00 sl. sumar til að eiga góða stund saman.

Mæting var misjöfn en félagsskapurinn góður sem endranær.

Það var farið í heimsóknir á þrjá vinavelli í sumar þ.e. Þorlákshöfn, Öndverðarnes og svo buðu eldri kylfingar á Selfossi okkur að koma og spila hring með þeim.

Þátttaka var svipuð í öll skiptin eða 12 – 16 manns.

Vonir standa til að við fáum okkar föstu tíma á næsta ári.

Það hefir þó verið umræða í hópnum um hvort við gætum, líkt og konurnar, fengið tíma seinni partinn í stað morguntíma því það er talsvert af félögum sem enn eru að vinna og eiga því erfitt með að koma á morgnana.

F.h. 65+ nefndarinnar

Hjörtur Árnason

Lokaorð

Ég vil nota tækifærið og þakka samstarfsfólki mínu í stjórn, starfsfólki golfklúbbsins og félagsmönnum kærlega fyrir samstarfið á nýliðnu golfári. Klúbburinn hefur á þessu starfsári eins og undanfarin starfsár, komið mörgum verkefnum í framkvæmd og í farveg og ber þar helst að nefna endurbætur á eldhúsi og aðstöðu við eldhús, WC aðstöðu við inngang í golfhermi, verkhafningu á lagningu á vökvunarkerfi fyrir golfvöllinn, kaupum á nýrri boltavél, slátturóbot og yfirsáningarvél og vinnu við stofnlagnir hitaveitu svo eitthvað sé nefnt. Ýmsar framkvæmdir hafa áður verið nefndar í skýrslu vallarnefndar.

Ég vil líka nefna það sérstaklega að klúbburinn fékk höfðinglega gjöf frá Júlíusi Rafnssyni en hann eftirlét klúbbnum golfbílinn sinn og kunnum við Júlíusi bestu þakkir fyrir hans góðvild í garð klúbbsins.

Ég hef ákveðið að láta af formennsku og vil nota þetta tækifæri til að þakka stjórn og fyrrum stjórnnum kærlega fyrir samstarfið og ykkur kæru félagsmenn vil ég þakka það traust sem þið hafið sýnt mér þegar þið völduð mig sem formann klúbbsins.

Bestu óskir til ykkar allra um gleðileg jól og farsælt komandi nýtt ár.

Takk fyrir,

Vignir Demusson
Formaður Golfklúbbs Hveragerðis